

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup á endurnýttum sínum

Vísað er til bréfs, dagsett 30. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn frá þjónustu- og nýsköpunarsviði um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup á endurnýttum sínum.

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg setji sér þá stefnu að einungis séu keyptir endurnýttir símar fyrir þá starfsmenn borgarinnar sem eiga rétt á að fá símtæki. Með þessu væri Reykjavíkurborg að taka mikilvægt skref í umhverfismálum og styðja við þá aðila sem gera við síma til að endurnýta. Eitt af stærstu umhverfisvandamálum dagsins í dag er sóun á raftækjum. Reykjavíkurborg getur eins og aðrir tekið þátt í að taka á þessu vandamáli. Það má gera með því að endurnýta raftæki. Flokkur fólksins telur að Reykjavíkurborg eigi að setja inn í sína umhverfisstefnu að allir símar sem keyptir eru fyrir starfsmenn séu endurnýttir.

Í upphafi er rétt að geta þess að þjónustu- og nýsköpunarsvið kaupir ekki inn síma fyrir starfsstaði borgarinnar. Hver og einn starfsstaður kaupir síma fyrir það starfsfólk sem þarf á slíku tæki að halda vegna vinnu sinnar og fara þau innkaup fram innan rammamanna er innkaupaskrifstofa borgarinnar sér um.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fagnar umhverfisvitundinni sem felst í tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins en hún rýmar vel við stefnu og áherslur sviðsins. Borgarstjórn ákvað í júní 2020 að vinna heildarstefnu um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar undir heitinu Græna planið. Í tengslum við það var aukin áhersla lögð á verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar. Það verkefni snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti.

Hjá Reykjavíkurborg starfa að jafnaði um 10.000 manns og er borgin einn af stærstu vinnustöðum landsins. Reksturinn er umfangsmikill og hefur umtalsverð umhverfisáhrif, bæði vegna athafna starfsmanna og vegna tengdrar þjónustu sem borgin veitir. Rekstri borgarinnar fylgir losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars frá bílum, meðhöndlun úrgangs og ýmsum verkframkvæmdum. Einnig hefur borgin óbein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars í gegnum ákvarðanir sem snerta innkaup, áherslu á vistvænar samgöngur eða þéttingu byggðar. Vistvæn innkaup fela þannig í sér meiri skilvirkni og betri greiningu á því hvað á að kaupa inn og hver þörfin



er. Með þessu er hægt að ná hagræðingu í innkaupum. Í Grænum skrefum er einnig mikil áhersla lögð á að minnka sorp, prentun, matarsóun og orkunotkun og draga þannig úr óþarfa sóun. Þar með næst einnig mikið hagræði.

Allar stofnanir Reykjavíkurborgar eiga að vera þátttakendur í Grænum skrefum samkvæmt skilyrðum í Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Einnig eru grænar áherslur í allri starfsemi Reykjavíkurborgar samkvæmt Græna planinu. Með þátttöku sinni leggja stofnanir borgarinnar sitt af mörkum til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsfólks síns og draga úr rekstrarkostnaði.

Umhverfisstjórnunarkerfið Græn skref byggist á fjölmörgum aðgerðum í sjö flokkum sem hafa áhrif á umhverfið, og eru aðgerðirnar innleiddar í fjórum áföngum eða skrefum. Verkefnið er unnið þvert á öll fagsvið borgarinnar en verkefnisstjóri verkefnisins hefur aðsetur á umhverfis- og skipulagssviði.

Umhverfisflokkarnir sjö eru eftirfarandi:

- Rafmagn og húshitun
- Flokkun og minni sóun
- Viðburðir og fundir
- Samgöngur
- Eldhús og kaffistofur
- Innkaup
- Miðlun og stjórnun

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup á endurnýttum sínum myndi falla undir umhverfisflokkinn „innkaup“.

Í gegnum grænu skrefin eru vistvæn innkaup innleidd hjá öllum stofnunum borgarinnar með því að gera innkaupagreiningu, þekkja umhverfismerkin og umbúðamerkingar og sjá til þess að þjónustuaðilar þeir sem stofnanir skipta við hafi virka umhverfisstefnu. Skrefin fjögur í umhverfisflokkinum eru eftirfarandi en þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur innleitt fyrstur þrjú skrefin og vinnur nú að því innleiða lokaskrefið:

Skref 1

- Við íhugum vel þörfina áður en við kaupum inn til dæmis hvort nýta megi betur, samnýta, fresta innkaupum eða gera við.
- Við kaupum orkusparandi raftæki samkvæmt orkuflokkum Evrópusambandsins.
- Við kaupum einungis umhverfisvottaðan prentpappír samkvæmt rammamningum Reykjavíkurborgar og þykkt pappírs sem við notum til prentunar og ljósritunar er 80 g/m² eða minni.
- Við kaupum einungis hreinlætis- og ræstivörur sem eru umhverfisvottaðar (bera umhverfismerki).
- Við kaup á efnavöru, svo sem málningu, lím, lakk og annan efnivið, forðumst við að velja efni sem eru hættuleg umhverfinu (bera varúðarmerkingar)
- Allir innkaupaaðilar á vinnustaðnum hafa kynnt sér vistvæn innkaup og nýtt upplýsingar af heimasíðu Grænna skrefa til leiðbeininga.

Skref 2

- Vinnustaðurinn hefur gert þarfagreiningu fyrir innkaup.



- Við biðjum birgja um upplýsingar um vistvæna valkosti og höfum í huga umhverfisáhrif vöru við innkaup.
- Þegar keypt eru skrifstofuhúsgögn eða önnur húsgögn könnum við hvort til séu notuð húsgögn, eða hægt sé að gera við áður en keypt eru ný.
- Við lágmörkum innkaup á smápappír eins og minnismiðum, skilaboðamiðum og post-it miðum og notum í staðinn pappír sem fellur til á vinnustaðnum.
- Við innkaup á matvælum hugum við að því að lágmarka matarsóun með góðri stýringu á því hvað keypt er inn.

Skref 3

- Við kaupum ekki vörur sem innihalda plastagnir / örplast.
- Umslög og annað bréfsefni sem við notum er umhverfismerkt.
- Við kaup á ræstiþjónustu er valinn þjónustuaðili sem hefur umhverfisvottun.
- Við höfum dregið úr notkun einnota rafhlaðna og notum hleðslurafhliður þar sem því verður komið við.
- Þegar unnið er að verðfyrirspurnum skal hafa umhverfisviðmið í fyrirspurnargögnum í samráði við innkaupaskrifstofu.

Skref 4

- Við kaup á utanaðkomandi þjónustu veljum við aðila sem hafa virka umhverfisstefnu og/eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi.
- Við innkaup á skrifstofumunum veljum við húsgögn, málningu, efnivið og þess háttar án rokgjarnra efna (VOC) og tryggjum að þau mengi andrúmsloftið lítið eða ekkert við uppsetningu og notkun.
- Við leitumst við að kaupa ekki vörur sem innihalda páлмаolíu og veljum aðrar vörur í staðinn.

Eins og staðan er í dag er ekki ásættanlegt framboð eða tegundaúrval af endurnýttum sínum til staðar á Íslandi. Til þess að Reykjavíkurborg gæti íhugað tillöguna þyrfti að vera til staðar markaður af ásættanlegri stærð hér innanlands með endurnýttum tækjum. Það er nauðsynlegt t.d. til að geta að fullu metið fjárhagslegan og umhverfislegan ábata af slíkri stefnumörkun en ýmist þættir spila inn í síkt arðsemismat. Má þar nefna verð og endingartíma.

Til staðar er þó mjög virkt endurvinnslukerfi á notuðum raftækjum og víða er boðið upp á að skila inn gömlum tækjum til endurvinnslu. Þjónustu- og nýsköpunarsvið skilar öllum raftækjum sem ekki er hægt að nýta í slíka endurvinnslu. Flestar íslenskar verslanir sem selja snjallsíma eru samstarfsaðilar Foxway sem hýsir endurvinnslukerfi fyrir snjalltæki. Snjalltækin eru þannig send til Foxway þar sem þau eru annað hvort yfirfarin og endurnýtt eða endurunnin eins og hægt er en báðar aðferðir tryggja að þær auðlindir sem notaðar eru til framleiðslu raftækja séu nýttar eins og hægt er.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri